
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2000-02

Fundartími: Þriðjudagur 7. mars 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1. Raforkunotkun ársins 1999.**
 - 2. Fréttatilkynning um raforkunotkun 1999.**
 - 3. Notkunarflokkar raforku 1999.**
 - 4. Aflþörf raforkukerfisins 1999.**
 - 5. Heimasíða Orkuspárnefndar.**
 - 6. Endurskoðun húshitunarspár.**
 - 7. Önnur mál.**
-

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Jón Gestur Hermannsson
Rán Jónsdóttir

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði nýjum töflum um raforkunotkun ársins 1999 og sagði að villa hefði verið í 4. ársfjórðungi í töflunum sem dreift var síðast auk þess sem nú væru komnar allar tölur um raforkuvinnslu. Einnig höfðu komið smávægilegar lagfæringar frá Landsvirkjun. Hann benti á að uppgjörið væri að verða flóknara og nefndi sem dæmi að Hitaveita Suðurnesja gæti verið að framleiða afgangsortku ef vinnsla væri það mikil í Svartsengi að kaup þeirra á forgangsortku færu ella niður fyrir lágmarkskaup. Þetta hefur einnig komið upp hjá Orkubúi Vestfjarða þó svo að slíkt hafi ekki komið fram í töflum frá rekstrarsviði Landsvirkjunar að þá hefur það komið upp í lokauppgjöri sem JV sagðist ekki hafa fengið. Um er að ræða nokkur hundruð MWh á ári hjá OV. Hann sagði að Rafveita Akureyrar væri nú með í fyrsta sinn vinnslu í dieselstöð.
2. JV dreifði fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs. Hann sagðist hafa bætt við því sem rætt var um á síðasta fundi svo sem samanburði við Noreg, samanburði á þróun notkunar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og samanburði við síðustu spá. Hann benti sérstaklega á hve vel spáin frá 1997 hefur staðist þar sem einungis munaði 1 GWh á síðasta ári á áætlaðri forgangsortkunotkun almenna markaðarins og raunnotkun. Tilkynningin var send til fjölmiðla fyrir tveimur vikum síðan og var útdráttur úr henni birtur í Morgunblaðinu. ÓP sagðist einnig hafa heyrt fjallað um hana í Ríkisútvarpinu. JV sagðist hefði vilja sjá meiri umfjöllun um tilkynninguna og spurði fundarmenn hvort þeir hefði einhverjar hugmyndir um breytingar sem gætu gert hana aðgengilegri á næsta ári. RJ benti á að hafa meginpunkta fremst. GG benti á að tengja mætti tölur mismunandi landshluta við fólksfjöldaþróun en þó bæri að hafa í huga að það væri ekki í verkahring Orkusparnefndar að fjalla sérstaklega um byggðaðróun.

3. JV sagði að gögn um raforkunotkun eftir notkunarflokkum árið 1999 hefðu borist frá eftirtöldum veitum:

Rafveitu Sauðárkróks
Rafveitu Reyðarfjarðar
Rafveitu Hafnarfjarðar
Rafveitu Akureyrar
Hitaveitu Suðurnesja
Orkubúi Vestfjarða

Öll gögn væru einnig komin frá Landsvirkjun. Aðrar veitur eiga eftir að skila inn þessum gögnum. GG sagði að þessu hefði seinkað nokkuð hjá þeim m.a. vegna yfirtöku á Rafveitu Hveragerðis en hann sagði að gögnin kæmu í þessum mánuði. ÍP sagði að þeir ættu í erfiðleikum með að ná út gögnum fyrir allt síðasta ár eins og hann rakti á síðasta fundi. Ákveðið var að áætla notkunina út frá fyrstu 10 mánuði ársins og samsvarandi tölum fyrir árið 1998 ásamt tölum fyrir það ár í heild sinni. ÍP ætlar að senda JV allar þessar tölur.

4. JV sagði að aflgögn væru að mestu komin nema dieselstöðvar vantaði frá Rarik. Hann sagðist hafa fengið gögn um Nesjavelli en eitthvað væri þó um göt í þeim tölum. Tölur úr Svartsengi væru einnig með götum eins og áður.
5. JV sagðist hafa sótt um lénið orkuspa.is til Intís eftir að Orkuspárnefnd samþykkti það á síðasta fundi sínum. Þegar það verður fengið verður hægt að vísa í heimasíðu Orkuspárnefndar sem orkuspa.is. Síðan verður þá fyrst um sinn vistuð hjá Afli. RJ benti á að gott gæti verið að hafa möguleika á leit á síðunni og sagðist JV ætla að athuga það.
6. JV sagði að huga þyrfti að því á hvern hátt átti standa átti að því að endurmeta húshitunarpáttinn. Hann sagði að skoða mætti þróun rafhitunar eftir notkunarsvæðum til að sjá þróun undangenginna ára og tengja þá einnig við þróun mannfjölda. Einnig þyrfti að fá upplýsingar frá Orkustofnun um líklegar nýjar hitaveitur og hugsanlega frekari útbreiðslu núverandi veitna. GG sagði að ráðuneytið ætlaði að setja á fót nefnd til að endurskoða niðurgreiðslurnar en hann sagði að kostnaður Rarik vegna niðurgreiðslna væri verulegur og vildu þeir losna við hann.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 1999. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá
lofthita. (JV)

Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins
1999. (JV)